

STJÓRNARTÍÐINDI A 17 – 1998

10. júlí 1998

409

Nr. 100

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð okkur að vegna þess að sveitarstjórnarlög nr. 45/1998 voru lögformlega birt 5. júní 1998, þótt þau kvæðu á um að þau öðluðust gildi 1. júní 1998, þyki leika vafi á hvort lögin hafi öðlast gildi eða hvort þau geri það fyrst 1. október 1998. Í því skyni að eyða þessari réttaróvissu og tryggja eðlilega stjórnsýslu sveitarfélaganna ber brýna nauðsyn til að breyta gildistökuákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 þannig að þau öðlist án alls efa gildi nú þegar í samræmi við ótvíræðan vilja Alþingis, sbr. athugasemdir við 105. gr. frumvarps til sveitarstjórnarlaga.

Fyrir því eru hér með sett svofelld bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar:

1. gr.

1. mgr. 105. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, orðast svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. júlí 1998.

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Páll Pétursson.